

Mál nr. 96/2015

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið sem hafði verið lagt við gangstétt.**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.3.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 24.3.2015.
3. Bréf Y, dags .2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 23.1.2015 gaf D, eigandi B, skýrslu hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um að hún hafi að kvöldi 13.1.2015 lagt B við gangstétt við heimili sitt að A-götu 14, þar sem engin bifreiðastæði hafi verið á lausu sem oft gerist og þá hafi fólk lagt á þeim stað þar sem hún lagði B. Daginn eftir hafi hún svo veitt því athygli að ekið hafði verið á vinstra framhorn B. Taldi hún nágranna sinn, M, eiganda A, sem býr að A-götu 12, hafa ekið á B. Kvað hún tjón hafa verið á hægri afturhorni A sem passaði við það tjón sem var á B, þ.e. hæð og sjáanlegt tjón. Hafi hún tekið ljósmynd af skemmdunum á afturhorni A. Síðar hafi verið búið að lagfæra umræddar skemmdir á A.

Í samtali við lögreglu kvaðst M ekki hafa ekið á B, en vísaði á E, unnusta sinn. E kvaðst heldur ekki kannast við að hafa bakkað á B. Í fyrstu vildu M og E ekki kannast við að skemmdir hafi verið á afturhorni A. Í óundirritaðri og ódagsettri skýrslu sem virðist stafa frá M og E sameiginlega segir að A hafi verið ekið utan í staur fyrir utan verslun á Selfossi 10.1.2015. Hafi A verið óviðgerð fyrir utan heimili þeirra í 10 daga er þeim hafi áskotnast nýr stuðari í sama lit og daginn eftir hafi verið skipt um stuðara. Þau kváðu lögregluna hafa verið búna að slá föstu að A hafi verið bakkað á B og þannig valdið skemmdunum. Það hafi valdið því að þau hafi fyrst neitað því að skemmdir hafi verið á A.

Í fyrirbyggjandi skýrslum lögreglu kemur fram að við skoðun á B megi sjá að í skemmdinni er svartur litur, en í stuðara A megi sjá á ljósmynd að svart plast eða gúmmí er í honum. Hæð í skemmdina á B hafi mælst 65-70 cm. Þá hafi verið bornar saman ljósmyndir sem D tók á vettvangi af A bæði áður og eftir að gert hafði verið við hana. Hægri horn á stuðara A hafi brotnað og sjá megi sprungu í plastinu. Hæð á ákomu á B passi við hægri horn A.

D hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X vegna skemmdanna á B. M, sem eigandi A, sættir sig ekki við að vera gerð ábyrg fyrir tjóninu.

Álit.

Ljóst er að skemmdir voru á hægri afturhorni A 24.1.2015 eða daginn eftir að D kvaðst hafa lagt B við gangstétt við heimili sitt. Ekki er ljóst hvernig þær skemmdir komu til og villandi framburður M og E í fyrstu um að engar skemmdir hafi verið á A dregur úr trúverðugleika staðhæfingar þeirra um að skemmdirnar hafi orðið við annað tilefni. Á hinn bóginn hafa ákomustaðir á bifreiðunum ekki verið bornir saman þar sem D kveður að B hafi staðið þegar ekið var á hana. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um aðstæður á vettvangi eða undir hvernig kringumstæðum það á að hafa gerst að A hafi verið bakkað á B. Þar sem rannsókn er áfátt að þessu leyti og gegn eindreginni neitun M og E telst ekki nægilega sannað samkvæmt gögnum málsins að M sé ábyrg fyrir því tjóni sem um ræðir á B.

Niðurstaða.

M ber ekki ábyrgð á tjóni á B, bifreiðinni ND-E16.

Reykjavík, 21. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.